

Árið 2010, mánudaginn 15. febrúar, var á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E-1673/2009

Páll Skaftason

(Daníel Isebarn Ágústsson hdl.)

gegn

Smíðanda ehf. og

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Skarphéðinn Pétursson hrl.)

kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

Mál þetta, sem dómtekið var 1. febrúar 2010, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Páli Skaftasyni, kt. 000000-0000, Heimahaga 8, 800 Selfossi, gegn Smíðanda ehf., kt. 000000-0000, Eyravegi 32, 800 Selfossi, og til réttargæslu Vátryggingafélagi Íslands, kt. 000000-0000, Ármúla 3, 105 Reykjavík, með stefnu sem birt var 11. febrúar 2009.

Dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða stefnanda 8.109.767 kr. með 4,5% ársvöxtum af 1.804.202 kr. frá 9. maí 2005 til 1. nóvember 2005 en frá þeim tíma af allri fjárhæðinni til 26. desember 2007. Krafist er dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af allri stefnufjárhæðinni, auk áfallinna vaxta, frá 26. desember 2007 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Ekki eru gerðar kröfur á hendur réttargæslustefnda Vátryggingafélagi Íslands hf.

Dómkröfur stefnda, Smíðanda ehf., eru *adallega*, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins, en *til vara* að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Réttargæslustefndi gerir ekki sjálfstæðar dómkröfur.

*Stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því:* Hinn 9. maí 2005 slasaðist stefnandi alvarlega á auga við vinnu hjá stefnda að Austurvegi 64a á Selfossi þar sem stefndi hafði tekið að sér byggingu á iðnaðar- og þjónustuhúsi fyrir Mjólkurbú Flóamanna. Samdægurs fór Gísli Rúnar Sveinsson, umdæmisstjóri Vinnueftirlits ríkisins, á staðinn til vettvangsrannsóknar. Í greinargerð hans um tildrög slyssins, atvik og aðstæður segir m.a. að stefnandi hafi, ásamt Bjarna Gunnari Sigurðssyni og Ágústi Ragnari Gíslasyni, verið að losa hólk sem var fastur á öxli beygjuvélar, sem beygir steypustyrktarjárn, til að hægt væri að setja hjól á öxulinn til að beygja 16 mm steypujárn í vélinni. Þeir hefðu notað ryðolíu og síðan kúbein til að ná hólknunum upp af öxlinum en við það hafi járnflís skotist í auga stefnanda.

Upplýst er að stefnandi var vanur vinnu við járnabindingar, en var að hefja störf hjá stefnanda og að koma sér fyrir á byggingastað er hann slasaðist.

Aðila greinir á um hvort stefndi beri bótaábyrgð á slysinu eða ekki.

*Helstu málsástæður stefnanda og réttarheimildir er hann byggir á:* Stefnandi byggir á því að aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað hafi ekki verið í samræmi við lög og reglur þegar hann slasaðist. Honum hafi verið falið að beygja steypustyrktarjárn í beygjuvéla, sem ekki var mögulegt fyrr en skinna, sem föst var í vélinni, var losuð. Hann hafi tíu dögum fyrr óskað eftir að skinnan yrði losuð en því hafi ekki verið sinnt og hafi það komið í hans hlut og tveggja vinnufélaga hans að losa skinnuna án nokkurra leiðbeininga um hvernig það væri gert. Þá vísar hann til þess að hann hafi ásamt félögum sínum leitað árangurslaust að öryggisglæraugum á vinnustaðnum áður en verkið hófst.

Um réttarheimildir vísar stefnandi til ákvæða IV. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ákvæða 37. gr., 42. gr. og 46. gr. sömu laga, ákvæða 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð og ákvæða 4. gr., 8. gr. og 9. gr. sömu reglugerðar. Þá er vísað til ákvæða 3. gr., 6. gr. og 8. gr. þágildandi reglugerðar nr. 431/1997 um notkun tækja. Einnig er vísað til ákvæða 3. gr., 3., 5. og 6. mgr. 4. gr. reglna um notkun persónuhlífa nr. 497/1994 og ákvæða II. viðauka við reglugerðina.

*Bótaútreikningar og bótafjárhæð:* Af hálfu stefnandi var, hinn 23. febrúar 2007, leitað til Sigurjóns Sigurðssonar læknis og Ingvars Sveinbjörnssonar hrl. til að meta líkamstjón stefnanda vegna slyssins hinn 9. maí 2005. Matsgerðin er dagsett 26. september 2007. Undir fyrirsögninni *Samantekt* segir: „Páll fékk járnflís í hægri auga við vinnu og gekkst undir þrjár aðgerðir eftir slysið. Fjarlægga varð augastein og auk þess er ör/og aflögun á hornhimnu augans. Matsmenn telja tímabært að leggja mat á afleiðingar slyssins og telja matsmenn að heilsufar hafi verið orðið stöðugt 01.11.2005 og er hann kominn í fulla vinnu.

Við mat á tímabili óvinnufærni er miðað við gögn málsins og upplýsinga á matsfundum. Hann var alveg frá vinnu fram í júlí 2005 og vann þá í eina viku að hluta og varð síðan aftur óvinnufær og hóf störf aftur 01.09.2005 í hálfu starfi. Hann var kominn í fulla vinnu 01.11.2005. Þótt hann hafi reynt að vinna tímabundið í stuttan tíma í júlí 2005 telja matsmen hann að fullu óvinnufæran tímabilið 09.05.2005-31.08.2005 og að hálfu vinnufæran tímabilið 01.09.2005[5]-31.10.2005.

Tímabil þjáningar telst vera hið sama og tímabil óvinnufærni og þar af telst hann rúmliggjandi í 10 daga vegna innlagnar á sjúkrahús.

Matsmenn telja ekki þörf á frekari meðferð en eins og fram hefur komið er hætt á frekari tjóni og er tekið tillit til þess við ákvörðun miska. Matsmenn telja sig ekki geta metið endingartíma á linsu til notkunar í hægra auga.

Mat á varanlegum miska er miðað við tap á augasteini með sjónskerðingu á hægra auga að teknu tilliti til frekara tjóns. Varanlegur miski er metinn 15 stig.

Við mat á varanlegri örorku er litið til afleiðinga slyssins og aðstæður tjónþola. Um er að ræða 44 ára karlmann með takmarkaða menntun. Hann hefur starfað sem sjómaður og við byggingarvinnu í landi. Tekjusaga eftir slys gefur vart tilefni til að ætla að tekjutjóns hafi gætt en í því sambandi verður að hafa hugfast að stuttur tími er liðinn frá slysi. Ljóst er að afleiðingar slyssins há honum nokkuð í núverandi starfi í byggingarvinnu en hann getur ekki notað linsu í þeirri vinnu vegna ryks. Vegna skerðingar á sjón og náttblindu getur hann tæplega stjórnað byggingarkrana nema við bestu skilyrði og hæpið er að hann fái meiraprófið sem bílstjóri. Með hliðsjón af þessu telja matsmenn rétt að meta honum nokkra varanlega örorku sem telst réttilega metin 15%.

Tölulega sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1. Tímabundið atvinnutjón	584.482 kr.
2. Þjáningabætur	215.920 kr.
3. Bætur vegna varanlegs miska	1.003.800 kr.
4. Bætur vegna varanlegrar örorku	6.111.552 kr.
5. <u>Útlagður kostnaður o.fl.</u>	<u>194.013 kr.</u>
<b>Samtals</b>	<b>8.109.767 kr.</b>

*Helstu málsástæður stefnda og réttarheimildir er hann byggir á:* Af hálfu stefnda er byggt á því að ekki sé sannað að félagið eða starfsmenn þess eigi sök á slysi stefnanda. Samkvæmt umsögn vinnueftirlitsins hafi stefnandi slasast vegna þess að

hann notaði ekki öryggisgleraugu við að koma tilgreindri beygjuvél til að beygja steypustyrktarjárn í verk hæft ástand, en öryggisgleraugu hafi verið á staðnum. Ekkert hafi verið því til fyrirstöðu að stefnandi notaði öryggisgleraugu við verkið. Hafi hann ekki getað fundið þau, áður en hann hóf verkið, var honum í lófa lagið að biðja verkstjóra og eiganda stefnda, sem var á staðnum, um öryggisgleraugu.

Þá er byggt á því að stefnandi hafi verið 41 árs að aldri þegar hann slasaðist og með 6 ára starfsreynslu að baki sem járnabindingamaður. Honum hafi því mátt vera ljós hættan af því að geta fengið flís í augað við að spenna hólkinn upp af öxlinum með kúbeini með þeim hætti sem hann gerði án þess að nota öryggisgleraugu eða andlitshlíf.

Varakröfu sína byggir stefnda á því að stefnandi eigi í öllu falli meginsök á slysinu og verði því að bera tjón sitt sjálfur í hlutfalli við þá sök. Þá beri að hafna kröfu stefnanda um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, en sá kröfuliður sé áætlaður. Einnig beri að hafna kröfulið um útlagðan kostnað sem hluta af höfuðstól stefnukröfu, en um sé að ræða kostnað við að staðreyna tjón stefnanda og tilheyri hann því málskostnaði.

Kröfu um dráttarvexti er andmælt frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

*Niðurstaða:* Stefnandi, Páll Skaftason, bar fyrir rétti að hann hefði verið búinn að starfa hjá stefnda, Smíðanda ehf., í tvo mánuði þegar hann slasaðist, þar af viku á verkstað þar sem hann slasaðist. Búið hefði verið að steypa fótamennt öðrum megin og til hafi staðið að byrja á að steypa sökkla á verkstað, en um tvö aðskilin hús hafa verið að ræða. Skipulagið á verkstað hafi verið eins og oft er, þegar verk byrjar, að tíminn er knappur og aðföng að koma smám saman á verkstað. Reyndar hafi verið búið að girða vinnusvæðið og vinnuskúrinn nýlega kominn hinum megin, en ekki lokið að ganga frá ýmsum lausum hlutum. Verkstaður hefði ekki verið kominn í fastar skorður þegar hann slasaðist.

Páll sagði að er hann hóf að losa umrædda skinnu hafi verið búið að panta úttekt á verkstað. Hann hafi verið búinn að beygja á þessari beygjuvél 10 millimetra járn, en til þess að úttektin gæti farið fram þá hafi þurft að beygja 16 millimetra járn og þá þurfti að hafa það á stærra hjóli, sem kallað er, í miðjunni til þess að járníð yrði löglega beygt. Þurft hefði að framkvæma þetta í skyndi þar sem búið var að panta úttekt eftir hádegi. Þeir hafi álitíð að það væri framkvæmanlegt með kúbeini, þar sem þeir hefðu komið því undir og mjakað því örlítið af stað og haldið að það gæti gengið áfram. Kvað Páli sér hafa fundist að pressa væri á því að klára þetta fyrir hádegi.

Páll kvaðst hafa verið búinn að vinna við járnabindingar í þrjú og hálf ár á þessum tíma en aldrei áður lent í því að skinna væri föst á vélum en oft og iðulega skipt um hjól. Þetta hafi komið til vegna þess að vélin hafði ekki verið notuð lengi við að beygja svona svert járn. Páll kvaðst ekki muna hver hefði tekið ákvörðun um hvernig þetta yrði gert. Líklega hefðu þeir þrír, sem voru að vinna við þetta, ákveðið það. Þeir hefðu verið búnir að reyna með töng að toga þetta upp.

Kúbeinið hefði legið þarna til hliðar og þeir allir farið að bjástra við þetta til skiptis. Bjarni hafði líka reynt að taka á því og síðan hafi hann sjálfur tekið nett á því og séð að skinnan var aðeins farin af stað, en þá hafi ekki viljað betur til en að það flísaðist upp úr henni og flísinn hafi farið í gegnum auga á honum.

Páll sagði að verkstjóri hefði ekki leiðbeint þeim, hvernig að verkinu skyldi staðið, og þeir hefðu ekki verið varaðir við hættu sem gæti verið samfara því. Hann kvaðst ekki hafa vitað að hætta gæti verið samfara þessu, en reyndar hefði verið gáfulegt að vera með öryggisgleraugu ef þau hefðu verið til staðar. Hann hefði viljað hafa þann valkost.

Páll sagði að þeir hefðu vitað að öryggisgleraugu voru ekki til staðar þar sem þeir hefðu verið að klippa vír um morguninn. Þeir hefðu leitað að öryggisgleraugum en ekki fundið á vinnustaðnum. Þeir hefðu frestað að klippa vírinn vegna skorts á öryggisgleraugum.

Lögð var fyrir Pál skýrsla Vinnueftirlits ríkisins um slysið [dskj. nr. 7] og vísað til þess að þar kæmi fram að hann hefði starfað u.þ.b. í sex ár við járnabindingar. Páll sagði að þetta stæðist ekki. Hann kvaðst á þessum tíma hafa verið búinn að starfa í þrjú ár og einn eða tvo mánuð við járnabindingar.

Lagt var fyrir Pál dskj. nr. 6b, sem greinir frá símaviðtali lögreglu við Pál 23. maí 2005. Vísað var til þess sem þar segir: „Páll sagðist hafa verið að reyna að spenna upp skinnu sem sat föst á hólk í miðju járnabeygjuvélarinnar. Páll sagðist hafa verið búinn að setja WD-40 á skinnuna og notað stórt blátt kúbein til að reyna að “lempa“ skinnuna til.“ Spurt var hvers vegna hann hefði sett WD-40 á skinnuna. Páll sagði að það hefði hann gert til að losa ryð sem var undir. Hann hefði sprautað þessu á skinnuna u.þ.b. tíu mínútum áður. Páll sagði að verkstjóri hafi ekki verið tiltækur þegar þeir ákváðu að nota kúbein til að losa skinnuna. Hann kvaðst ekki hafa slegið á kúbeinið, þegar hann notaði það við að reyna að losa skinnuna, en minnst þess að félagar hans hefðu gert það er þeir reyndu með kúbeininu að losa skinnuna.

Páll sagði að hann hefði verið beðinn um að beygja járn til að úttekt gæti farið fram.

*Bjarni Gunnar Sigurðsson*, vinnufélagi stefnanda, bar fyrir rétti að þeir hefðu fengið beygjuvélinu í slæmu ástandi. Hún hefði staðið úti og hjólin ofan á henni verið byrjuð að festast, en þau eigi að vera laus. Hann hafi reiknað með að ryð hefði komist á milli. Þeir hefðu reynt að losa þetta hjól. Hann kvaðst hafa unnið við þetta í mörg ár og oft lent í því að þurfa að losa hjólið. Við að standa lengi herðist á þessu. Því lengur sem þær standa því fastara verði hjólið.

Bjarni Gunnar sagði að erfiðlega hafi gengið að losa þetta hjól. Þeir hefðu verið búnir að lemja á það og við hliðina á því til að losa það. Það hafi aðeins verið byrjað að losna þegar þeir reyndu fyrst að taka undir það með hamri. Þeir hefðu bara reynt að ná því lausu. Þeir hefðu ekki verið varaðir við að hætta gæti verið samfara þessu. Hann hefði oft lent í þessu áður og hafi aldrei verið varaður við neinu. Þeir hefðu ekki verið með öryggisgleraugu, en hefði þeim dottið í huga að

nota þau þá voru þau ekki til á staðnum þennan dag. Hann hefði leitað að þeim fyrr um morguninn þegar hann fór að skera bindivír með slípirokk. Hann hefði orðið að gera það með lokuð augun.

Vísað var til þess að vinnueftirlitið hefði skráð að hlífðarglæraugu hefðu verið á staðnum. Bjarni Gunnar sagðist vita með vissu að Smíðandi ehf. átti öryggisglæraugu en þau voru ekki komin á þennan vinnustað á þessum tíma. Hann hafi leitað snemma um morguninn að þeim þar sem hann þurfti að nota bindivír. Hann hafi fundið slípirokk en ekki glæraugu, en hann noti alltaf glæraugu þegar hann skeri bindivír. Hann hafi leitað mjög vel.

Bjarni Gunnar kvaðst ekki að jafnaði nota öryggisglæraugu við að beygja járn. Hann kvaðst ekki hafa notað öryggisglæraugu við að losa skinnur og hjól á beygjuvélum. Hann hafi ekki álitid það nauðsynlegt.

Vísað var til að í símaskýrslu lögreglu, dskj. nr. 6c, komi m.a. fram: „Bjarni sagði að þeir hefðu ekki verið að vinna við beygjuvélinu heldur hefðu þeir verið að þrífa og smyrja vélinu. – Bjarni sagði að þeir hefðu notað stór kúbein (90 sm lang) og sagðist Bjarni hafa lamið á kúbeinið með hamri. Bjarni sagði að Páll hefði sagt að hann sæi allt svart og talað um að eitthvað hefði farið í augað [á] sér. – Haft var símasamband við Bjarna þann 25.05.2005 klukkan 08:15. Bjarna var kynnt að Páll kannist ekki við að Bjarni hafi slegið með hamri þegar óhappið átti sér stað. Bjarni sagði að þeir hefðu verið að slá á kúbeinið með hamrinum en sagðist ekki mun hvort það hafi verið þegar járnflísin fór í augað á Páli.“

Bjarni Gunnar kvaðst kannast við framangreinda lýsingu, en hann hafi staðið bak við Palla þegar hann fékk í augað. Hann muni ekki eftir að hafa þá verið að gera nokkuð með honum. Hann minni að hann hafi þá verið búinn að gefast upp á þessu og verið farinn að gera eitthvað annað sem þeir þurftu að gera. Hann hafi verið kominn eitt skref á bak við Pál. Hann kvaðst muna að þeir hefðu lamið á kúbeinið til að fá það undir en þeir hafi ekki verið að lemja á það akkúrat þegar þetta skeði. Hann kvaðst ekki kannast við að Eiður, Gestur eða einhver annar verkstjóri eða forsvarsmaður stefnanda hafi lagt eitthvað sérstaklega fyrir þá hvernig þeir ættu að gera þetta. Hann kvaðst halda að þeir hefðu ekki vitað af þessu.

Bjarni Gunnar sagði að hann, Páll og Ágúst Ragnar hefðu séð um járnabindinguna. Þeir hafi fengið ákveðin tæki, sem þeir þurftu að setja í samband, finna snúrur og allt þetta, þannig að þeir hefðu séð um þetta sjálfir. Þeir hafi verið venjulegir launamenn en þekkt miklu betur inn á þessar vélar en yfirmennirnir.

*Ágúst Ragnar Gestsson* bar símleiðis fyrir rétti að þeir hefðu verið að eiga við beygjuvél með kúbeini við að ná skinnu er flís skaust úr þessi. Hann kvaðst hafa verið í mikill óreglu á þessum tíma og muni ekki eftir þessu. Hann kvaðst ekki muna hvort hlífðarglæraugu voru á staðnum.

*Eiður Ingi Sigurðsson* verkstjóri bar fyrir rétti að losa hefði þurft hólk af beygjuvélinni. Páll hafi viljað fara í verkefni og kvaðst Eiður hafa beðið hann um að nota ryðolíu til þess og ætli að hann hafi gert það. Svo hafi verið ætlað að sjá hvað ryðolían myndi gera.

Lögð var fyrir Eið skýrsla vinnueftirlitsins um slysið, dskj. nr. 7. Hann staðfesti það sem þar stendur um vinnubrögð Páls, Bjarna og Ágústss þegar þeir voru að losa hólk sem var fastur uppi á öxli í beygjuvél, þegar járnflís skaust í auga Páls hinn 9. maí 2005. Eiður sagði að þeir hefðu unnið fyrir Smíðanda ehf. við járnabindingar. Hann sagði að Páll væri mjög vanur járnabindingamaður og reyndur við járnabeygingar.

Eiður kvaðst ekki hafa haft beina aðkomu að því hvernig þeir ákváðu að losa hólkinn með kúbeini. Hann hafi talað um að það hlyti að vera til sérstakt verkfæri til að losa hólkinn og hafi viljað bíða og sjá hvað ryðolían myndi gera. Hann kvaðst ekki hafa verið á staðnum þegar slysið varð. Hann kvað öryggisglæraugu hafa verið á staðnum. Hann kvaðst ekki hafa keypt öryggisglæraugu rétt fyrir skoðun vinnueftirlitsins. Samkvæmt bókhaldi félagsins hefðu öryggisglæraugu verið keypt í apríl og í lok maí [2005], en ekki hinn 9. maí.

Eiður kvaðst ekki vita hvaða tegund af öryggisglæraugum voru notuð hjá Smíðanda ehf. Þau hefðu verið keypt í Byko og Húsasmiðjunni. Hann taldi að hefðbundin aðferð væri ekki við að losa svona hólk á beygjuvél. Hann sagði að engin tímapressa hefði verið á að ljúka þessu. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna ekki var hringt á verkstæði til að fá þetta gert. Hann hafi sagt þeim að bera á ryðolíu og sjá svo til hvað gerðist. Síðan hafi hann ekki vitað meira fyrr en Páll var kominn upp á sjúkrahús.

Eiður sagði að ekki hafi verið búið að gera heilbrigðis- og öryggisáætlun þegar slysið varð, hún hafi verið í vinnslu. Þetta hafi allt verið í vinnslu, vinnusvæðið í byggingu jafnframt vinnu á staðnum.

Upplýst er að Páll var vanur járnabindingarmaður þegar slysið varð. Og svo sem hann greindi sjálfur frá taldi hann líklegt að hann og félagar hans, Bjarni Gunnar og Ágúst Ragnar, hefðu saman ákveðið að losa skinnu eða hólk, sem var fastur á öxli beygjuvélar, til að unnt væri að setja hjól á öxulinn til að beygja 16 mm steypujárn á vélinni. Þá er upplýst að þeir reyndu án árangurs til skiptis að losa umrædda hluti beygjuvélarinnar með kúbeini.

Ekki verður ráðið með ótvíræðum hætti af gögnum málsins að yfirmenn þeirra hafi lagt fyrir þá að ljúka því að setja hjól á öxul beygjuvélarinnar til beygja 16 mm steypujárn fyrir hádegi þennan dag. Þvert á móti heldur Eiður verkstjóri því fram að engin tímapressa hafi verið að ljúka þessu. Þá verður af framburði Bjarna Gunnars ráðið að hann, Páll og Ágúst Ragnar hafi sjálfir séð um járnabindinguna og þekkt betur en yfirmenn þeirra þau tæki og tól sem til þess þurfti. Er því fjarstæða að skortur á leiðbeiningum frá yfirmönnum þeirra hafi ráðið hvernig þeir stóðu að verki við að losa skinnu eða hólk, sem var fastur á öxli beygjuvélarinnar. Og hafi skort öryggisglæraugu, er ljóst, að Páll og Bjarni Gunnar

töldu ekki brýna þörf á þeim í vinnu við að koma beygjuvélinni í gagnid til að beygja 16 mm steypujárn. En Bjarni Gunnar bar fyrir rétti að hann notaði að jafnaði ekki öryggisgleraugu við að beygja járn og Páll sagði í símaviðtali við lögregluna, sbr. dskj. nr. 6b, að ekki væri venja að nota öryggisgleraugu við járnabeygjuvélina. Þá báru Páll og Bjarni Gunnar fyrir rétti að þeir hefði leitað að öryggisgleraugum fyrr um morguninn til að nota við að skera bindivíra og Páll bar að þeir hefðu frestað að klippa vírinn vegna skorts á öryggisgleraugum. Þeir frestuðu hins vegar ekki að nota, án öryggisgleraugna, kúbein á beygjuvélina án þess að hafa um það samráð við verkstjóra. Telja verður því að um óhappatilviljun hafi verið að ræða þegar járnflís skaust í auga stefnanda.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt er að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

#### DÓMSORÐ:

Stefndi, Smíðandi ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, Páls Skaftasonar.

Málskostnaður fellur niður.

Páll Þorsteinsson